ORKUSTOFNUN

# Cobraborun fyrir B.M. Vallá

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð ÞHH-92-01

**ORKUSTOFNUN**
Vatnsokudeild
1992-02-18

**Greinargerð**
ÞHH-92-01
þhh

## Cobraborun fyrir B.M. Vallá

Meðfylgjandi eru borhraðaferlar úr sex cobraholum sem boraðar voru á plani við stöð B.M. Vallár þann 17. febrúar 1992, ásamt túlkun á þeim. Tilgangurinn var að auðvelda staðsetningu húss sem meiningin er að reisa á svæðinu. Fyrirfram var vitað að dýpi á fast er mikið og einnig að búast mátti við allþykkum mýrarjarðvegi sums staðar undir fyllingunni á planinu. Við þessu er einkum að búast á austanverðu planinu, en vestast nær það inn á fyrrverandi malartökusvæði og því þótti nokkuð ljóst að þar væri að vænta nokkuð ábyggilegrar undirstöðu. Vonast var til að borverkið leiddi til gleggri niðurstöðu um það hvar möl og sandur væri undir og hvar mýri. Þessi munur kemur ekki verulega glöggt fram í borhraða, enda er oftast um sand- og mélurík setlög að ræða, víða fínlega lagskipt. Setið er alla jafnan nokkuð svo ísmeygileg fyrir borinn, þó svo það sé örugglega vel ábyggilegt. Að öðru leyti vísast til grófrar túlkunar á jarðlaga-skipan til hliðar við einstaka hraðaferla. Staðsetning holanna er sýnd í grófum dráttum á fylgjandi rissi.

Dýpstu holurnar urðu um 10 m og er þá komið ofan á fasta klöpp. Ábyggileg undirstaða er þó á mun minna dýpi. Reynslan sýnir að ekki er hægt að reka forsteypta bita niður í jörð ef borhraði er ca. 10 sek/20cm eða þaðan af tregari. Þessum mörkum er alla jafnan náð á innan við 4 m dýpi, en þó eru verulegar undantekningar, t.a.m. í holu 5.

Grafnar voru tvær gryfjur í grennd við holur 4 og 6 og er túlkun á efstu þrem til fjórum metrum þeirra því örugg. Túlkun á borhraðaferlum hinna holanna er síðan leidd af líkum og landslagi, sem þó er víðast hvar manngert núorðið á þessum slóðum.

Á svæðinu sem afmarkast af holunum 3, 4, 5 & 6 ætti því að vera hægt að byggja á sæmilegum grunni sé skipt um jarðveg niður á um 3,5 m; þó gæti verið misbrestur á því í grennd við holu 5 og er rétt að kanna þar undirstöðu betur með gryfju ef unnt er vegna lagna.

Með virðingu
Þórólfur H. Hafstað

ORKUSTOFNUN

# ÁRTÚNSHÖFÐI

## COBRABORUN FYRIR B.M. VALLÁ

17. FEBR. '92
COBRABORUN
F. B.M. VALLÁ
BLAÐ 1

Þórólfur




JARÐLAGASNIÐ
– TÚLKUN –

GERÐ MEÐ
HLIÐSJÓN
AF ÖÐRUM
HOLUM.

HOLA 1

ORKUSTOFNUN

ÁRTÚNSHÖFÐI

17. FEBR '92
COBRABORUN
F. B.M. VALLÁ
BLAÐ 2

# COBRABORUN FYRIR B.M. VALLÁ




## HOLA 2

SKV. ÖÐRUM HOLUM, GRYFJUM OG LEGU LANDSI[illegible]

ORKUSTOFNUN

# ÁRTÚNSHÖFÐI

## COBRABORUN FYRIR B.M. VALLÁ

17. FEBR '92
COBRABORUN
F. B.M. VALLÁ
BLAÐ 3

Þórólfur




JARÐLAGASNIÐ
-TÚLKUN-

HOLA 3

ÞESSI MYND ER GERÐ MEÐ SAMANBURÐI VIÐ AÐRAR HOLUR OG GRYFJUR.

ORKUSTOFNUN

ÁRTÚNSHÖFÐI

17 FEBR '90
COBRABORUN
F. B.M. VALLÁ
BLAÐ 4

# COBRABORUN FYRIR B.M. VALLÁ

Þórólfur




JARÐLAGASNIÐ
- TÚLKUN -

## HOLA 4

GRAFIN VAR
GRYFJA CA. 5m
FRÁ HOLUNNI.

TÚLKUNIN ER
ÁREIÐANEG
NIÐUR Í CA 4m
(SAMLÍMD MÉLA
EÐA EINHVERS
KONAR MÓHELLA)
MÓMOLDIN OFAN
VIÐ ER ÓTÆKT
UNDIRLAG EN
ÁBYGGILEGT Á
UM 3,6m DÝPI.

ÁRTÚNSHÖFÐI

17 FEBR. '92
COBRABORUN
F. B.M. VALLÁ
BLAÐ 5

COBRABORUN FYRIR B.M. VALLÁ

Þórólfur




JARÐLAGASNIÐ
—TÚLKUN-

HOLA 5

SKIL MILLI
FYLLINGAR &
MOLDAR ERU
ÓLJÓS OG
EINNIG MILLI
MOLDAR OG
UNDIRLAGS,
SEM ER LÍK-
LEGA SÆMI-
LEGA ÁBYGGI-
LEGT SILTKENN-
EFNI (SBR HOLU 6

ORKUSTOFNUN

ÁRTÚNSHÖFÐI

17 FEBR '92
COBRABORUN
F. B.M. VALLÁ
BLAÐ 6

COBRABORUN FYRIR B.M. VALLÁ.

Þórólfur




"STAURREKANDI"

HOLA 6

JARÐLAGASNIÐ
—TÚLKUN—

HOLA VAR GRAFINN RÉTT HJÁ ÞESSARI COBRAHOLU!

TÚLKUNIN ER ÁREIÐANLEG NIÐUR Í A.M.K 3,5m, EN ÞAÐ SEM NEÐAR ER LEITT AF LÍKUM.

VIÐ GRUNDUN MANNVIRKIS HÉR ÞARF AÐ GRAFA NIÐUR ÚR MOLD.




LAUSLEGT RISS AF
PLANI VIÐ B.M. VALLÁ.
LOBRAHOLUR - STAÐSETNING
17. FEBR '92
ÞHH.